



Reykjavík 20.12.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 19. desember 2018 varðandi eftirfarandi mál.


### **HverfisSKIPULAG, Árbær 7.1 Ártúnsholt**

Lögð fram tillaga að hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu skv. 31. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.*

*Skipulags- og samgönguráð bókar: "Í hverfisSKIPULAGI birtist framtíðarsýn fyrir gróin hverfi og heimildir til breytinga og minniháttar uppbyggingar verða til. Allt miðaðst að því að hverfin verði sjálfbærari og grænni og að íbúar geti þekkt hverfin sín vel og þær heimildir sem þar er að finna hvort heldur sem það er í verzlunarkjörnum eða á einkalóðum. Aldrei hefur verið farið í eins viðamikið samráð við íbúa eins og við gerð hverfisSKIPULAGS og hafa þúsundir borgarbúa á öllum aldri komið að vinnunni, allt frá vinnu grunnskólabarna við módel af hverfunum sínum til einstaklinga sem sitja í rýnihópum. Með hverfisSKIPULAGINU fylgja leiðbeiningar til að auðvelda skilning á skipulagi og því hvað sjálfbært hverfi er. Gerð heildstæðs skipulags fyrir hverfi borgarinnar hefur verið lengi í vinnslu enda viðamikið verkefni. Það er því fagnaðarefni að leiðbeiningar og fyrsta hverfisSKIPULAG borgarinnar hafi nú verið samþykkt. Kynningarmynband af hverfisSKIPULAGINU má finna hér: [hvsk.is/horfa/hvad-er-hverfisSKIPULAG](http://hvsk.is/horfa/hvad-er-hverfisSKIPULAG)"*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: tillaga að hverfisSKIPULAGI Árbæjar, hverfi 7.1 Ártúnsholt